*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 134/8
***komudagur*** 11.6.2007

**Fundur forráðamanna SÁÁ með Félagsmálanefnd Alþingis**

**Minnisblað 11 júní 2007**

Þjónusta SÁÁ við :

- Börn og unglinga sem eru í áhættu
- Unglinga sem eru að nota vímuefni
- Foreldra sem eiga börn og unglinga, sem eru að nota vímuefni eða eru í áhættu

Þjónustan sem SÁÁ veitir börnum og unglingum sem eru í áhættu eða vímuefnaneyslu og foreldrum þeirra er margvísleg. Á hverjum vinnudegi koma á annan tug heilbrigðisstarfsmanna að þessari vinnu á Sjúkrastofnunum samtakanna auk þess sem mikið forvarnastarf er unnið á göngudeildum samtakanna og úti í þjóðfélaginu.

Fjármögnun allrar þessarar þjónustu er í nokkurri óvissu. Aðeins þjónustusamningur við Heilbrigðisráðuneytið er í gildi til áramóta 2007-2008. Viðræður um aukna samvinnu við Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ og Akureyri eru fyrirhugaðar eða í gangi.

Mikil þörf er á að auk þessa þjónustu og gera tilraunir með ný verkefni

**Meðferð fyrir unglinga í vímuefnavanda á Sjúkrahúsinu Vogi og í Göngudeildinni í Efstaleiti (og á Akureyri ) :**
- Unglingasími SÁÁ
- Greiningar og meðferðarviðtöl fyrir unglinga og foreldra þeirra í Efstaleiti 7
- Bráðaþjónusta á göngudeildinni við Sjúkrahúsið Vog
- Unglingadeild Vogs
- Endurhæfing í 4 vikur á Staðarfelli og á Vík
- Eftirfylgni eða vikulegur stuðningshópur
- Félagslegt starf fyrir unglinga sem hafa verið í meðferð

**Þjónusta við foreldra unglinga sem eru í vímuefnavanda :**

- Foreldrafræðsla og hópastarf vikulega. Þessi þjónusta hefur verið veitt frá árinu 2000. Á árinu 2006 sóttu um 7 – 15 hvert fræðsluerindi og í foreldrahópinn mættu 10 -20 í hvert sinn. Fræðsluerindin og hóparnir voru 48 sinnum árið 2006.
- Fjölskyldumeðferð í Efstaleiti

**Þjónusta við börn áfengis og vímuefnasjúklinga (Nýtt verkefni með stuðningi Lýðheilsustofnunar) :**
Þjónusta við börn þeirra einstaklinga sem hafa verið í meðferð hjá SÁÁ. Þau börn og unglingar eru í sérstakri áhættu. Fer af stað í september 2007.
- Börnum og unglingum boðið upp á viðtöl og hópastarf. Í hópastarfinu verður unglingunum skipt eftir aldri 8-12 ára, 12-14 og 15-17 ára. Unglingar sem byrjaðir eru í neyslu verða í sérstökum hóp.
- Foreldrunum boðið upp á viðtöl og fræðslu
- Sálfræðingur mun leiða starfsmannahópinn sem sér um þessa þjónustu.

**Forvarnarstarf SÁÁ :**

- Í grunnskólum
- Í framhaldsskólum
- Í samvinnu við Íþróttahreyfinguna ( Nýtt verkefni með styrk Lýðheilsustofnunar í samvinnu við SSÍ, FRÍ,KSÍ og Körfuknattleiks samband Íslands.

**Rannsóknarstarf :**

- Í Samstarfi við Í. E. "Samspil erfða og umhverfis " sótt hefur verið um styrk til NIDA
- Geðgreiningar meðal unglinga í vímuefnavanda

## Hlutfall einstaklinga sem kemur til meðferðar úr hverjum fæðingarárgangi 1970-1988






## Vímuefnagreiningar hjá unglingum 19 ára og yngri á Sjúkrahúsinu Vogi 2006 N=234



## Stórneytendur ólöglegra vímuefna 19 ára og yngri á Sjúkrahúsinu Vogi 1991-2006




6/10/2007 Þórarinn Tyrfingsson 59

## Fjöldi ungra einstaklinga á Sjúkrahúsinu Vogi 1991-2006




10 June 2007 Þórarinn Tyrfingsson 1

# Fjöldi unglinga á Sjúkrahúsinu Vogi árið 2006

| Aldur | Stúlkur | Piltar | Alls | Innritanir |
|---|---|---|---|---|
| 13 ára | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 14 ára | 3 | 0 | 3 | 4 |
| 15 ára | 3 | 10 | 13 | 22 |
| 16 ára | 13 | 10 | 23 | 31 |
| 17 ára | 18 | 32 | 50 | 83 |
| 18 ára | 27 | 40 | 67 | 97 |
| 19 ára | 28 | 50 | 78 | 104 |
| **Alls** | 92 | 142 | 234 | 344 |



# Fjöldi unglinga 17 ára og yngri á Sjúkrahúsinu Vogi árið 1993-2006



## Fjöldi nýkomufólks sem er yngra en 20 ára
## Sjúkrahúsið Vog 1990-2006




10 June 2007 Þórarinn Tyrfingsson 32